

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Brúarvirkjun, afmörkun lóða.*

Í breytingunni felst stækkun deiliskipulagssvæðisins, afmörkun á lóðum innan þess ásamt smávægilegum breytingum á skilmálum. Gerðar eru smávægilegar breytingar á ákvæði um yfirfall, botnrás, aðrennslisskurð og inntak svo og ákvæði um stöðvarhús, sográs og frárennslisskurð. Auk þess færast byggingarreitur fyrir stöðvarhús lítilla til. Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. febrúar 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2018